

1872.

22. janúar.

(*Board of trade*) á Englandi hafi gefið út auglýsingu, og sé þar enskir sjómenn, sem eru við fiskiveiðar í landhelgi við Danmörku (eða þau lönd, sem þar eru í sambandi með), varaðir við að sýna af sér nokkurn yfirgang, og þeim hótað hegning bæði eptir dönskum lögum og enskum, og sé í því tilliti vísað til enskra kaupskipalaga 1854, í 267. kapitula (*Merchant Shipping Act 1854, section 267*); skal þess jafnframt getið, að tilgangur ensku stjórnarinnar með ráðstöfun þessari sé, eptir skýrslu hins danska sendiherra, einnig sá, að koma því til leiðar, að eigi verði kvartað svo mjög undan háttalagi enskra fiskimanna við strendur Íslands.

**6. Tilskipun um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfirrætti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti.** (á Íslenzku og Dönsku). 27. janúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfirrætti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, — en frumvarpið var samhljóða tilskipun til bráðabirgða, er Vér höfum gefið út 1. dag aprilm f. á. —, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfirrætti Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, skulu veittir 450 rd. úr hinum íslenska landssjóði í árleg eptirlaun frá 1. aprilm. f. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

1872.

27. janúar.

Ástæður fyrir tilskipun þessari<sup>1</sup>.

Fyrir alþingi var lagt frumvarp til tilskipunar um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfirrétti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti. Þetta frumvarp, sem var samhljóða tilskipun til bráðabirgða, sem út kom 1. apríl 1871<sup>2</sup>, ræddi síðan þingið á lögskipaðan hátt, og skýrði frá álitu sínu um það, eins og hér skal sagt.

Nefndin, sem þingið fól á hendur að meðhöndla þetta mál, þóttist eigi geta hjá því komizt, að afla sér fleiri upplýsinga um það, en þeirra, sem fólgna væri í ástæðum frumvarpsins; hún skoraði þá á hlutadeiganda sjálfan að láta þinginu í tæ allar þær upplýsingar, er hann mætti veita málinu til skýringar. Eftir þeim upplýsingum, sem með þessu móti fengust, virtist þinginu mætti heimfæra kærur þær, sem færðar höfðu verið gegn yfirdómara Benidikt Sveinssyni, undir þrjú höfuðatriði:

1. Að hann hefði eigi hlýðnast skipun stiptamtsins að flytja bústað sinn frá Elliðavatni að Reykjavík í fardögum 1870.

2. Að hann ætti að hafa valdið ýmsri óreglu við yfirrettinn, svo sem með því, að hann hefði látið sig vanta í rættinum á tilteknum tímum, án þess að tilkynna forföll sín í tækan tíma, og að bókfærsla hans sem dómsskrifara í rættinum hefði ekki verið í réttu lagi.

3. Að hann ætti að hafa með hegðun sinni utan rættarins rýrt mannorð sitt og traustið á sér sem dómara, og allt háttalag hans ætti að hafa komið í bága við hina ábyrgðarmiklu og mikilsvarðandi stöðu hans.

Með því það nú yrði að vera komið undir sakkæmi þessara kæru-atríða, hve há, eða hvort nokkur, eptirlaun yfirdómari Benidikt Sveinsson ætti að fá, gat þingið þess um hið fyrsta kæru-atríði, að með konungsbræfi 14. maí 1808 væri dómendum í landsyfirréttinum veitt leyfi til fyrst um sinn að búa fyrir utan

<sup>1</sup>) Tiðindi frá alþingi 1871, I., 7, 13, 15, 832—834, 859—863 og 911; II., 153—157, 488—507, 527—528 og 616—619.

<sup>2</sup>) Tiðindi um stjórnamálefni Íslands III., 166.

1872.

27. janúar.

Reykjavíkurbæ. Samkvæmt þessu hefði þá yfirdómari Benidikt Sveinsson tekið sér aðsetur á eignarjörð sinni Elliðavatni, sem hann hefði endurbætt og lagt þar í mikinn kostnað; nú hefði þetta leyfi verið tekið aptur með konungsúrskurði 25. júní 1869, og samkvæmt því hefði stíptamtið boðið yfirdómara Benidikt Sveinssyni, að flytja bústað sinn að Reykjavík; eptir þeim upplýsingum, sem fram hefðu komið, hefði yfirdómari ekki getað yfirgefið Elliðavatn, nema með stórum skaða sínum, en hvergi sæist, að honum hefði verið gjörður kostur á, enn síður boðið, að bæta honum þennan skaða að einu nè neinu leyti. Hér lægi því sú spurning fyrir, hvort hann væri skyldur til að taka þennan kostnað uppá sig endurgjaldslaust, þar sem honum væri veitt yfirdómara-embættið með þeim hagsmunum, sem kgsbr. 14. maí 1808 veitti; en þessari spurningu ætlaði þingið sér eigi bært um úr að leysa.

Hvað hið annað kærú-atríði snerti, þá var þingið í vafa um, hvort svo mikið hefði kveðið að þeirri óreglu, sem yfirdómari Benidikt Sveinsson ætti að hafa verið valdur að við yfirréttinn, eða hvort þær sakir útaf fyrir sig væri þess eðlis, að valda mætti embættistöpun, og að minnsta kosti ætti vottorð málaflutningsmanns Jóns Guðmundssonar, sem helzt lyti að því, að færa rök fyrir, að engin meiri óregla hefði átt sér stað við yfirdóminn í embættistíð Benidikts Sveinssonar, en um 20—30 ára tímabilið næst á undan, að sanna hið gagnstæða.

Hið þriðja kærú-atríði virtist þinginu svo yfirgripsmikið og óákveðið, að mjög varúðarvert væri, að kveða upp á rökum byggt álit um það; þingið þóttist hafa orðið þess vart af skjölum þeim, sem fram væri lögð í málinu, að hér hefði komið fram nokkuð einhliða skóðanir, yfirdómara Benidikt Sveinssyni í óhag, og að vart væri á þeim byggjandi, eins og þær lægi fyrir, þar sem nægar sannanir vantaði fyrir því, að þær væri á rökum byggðar. Þingið varð að telja það óheppilegt, að honum eigi hefði verið gefinn kostur á að svara til saka þeirra, er honum voru bornar, áður en honum var vikið frá embætti.

Þar sem þinginu virtist, eins og getið er að framan, að það hlyti að vera komið undir sagnæmi þeirra sakargipta, sem yfir-

1872.  
27. janúar.

dómara Benidikt Sveinssyni eru bornar, hversu mikil eptirlaun hann ætti að fá, og þar sem hann hefði sjálfur þess utan óskað, að mál þetta yrði rannsakað við dómstólana, ræð þingið til, að frumvarpið eigi yrði að lögum, eins og það nú lægi fyrir; en þar á móti lagði þingið til, að þær sakir, sem hefði verið þess olandi, að yfirdómara Benidikt Sveinssyni hefði verið vikið frá embætti, yrði lagðar undir rannsókn og úrslit dómstólanna, og að eptirlaun hans yrði fyrst um sinn, og á meðan á málinu stæði, ákveðin eptir þeim reglum, sem gilda um eptirlaun þeirra embættismanna, sem vikið er frá um stundarsakir.

Í álitsskjali sínu gat konungsfulltrúi þess, að upplýsingar þær, sem nefndin hefði útvegað, væri frá Benidikt Sveinssyni sjálfum, en ekki hefði hún fundið ástæðu til, að leita til yfirrættarins sjálfs eða forseta yfirrættarins; væri það því vel skiljanlegt, að nefndin hefði ekki getað komið á neina niðurstöðu um mála-vöxtu. Konungsfulltrúi gat þess, að þingið hefði ekki álitid þess þurfa, að senda með álitsskjalinu skjöl þau, sem yfirdómari Benidikt Sveinsson sendi nefndinni, enda hefði þingið við um-ræðurnar um frumvarpið neitað<sup>1</sup> að fylgiskjöl þessi yrði lesin upp<sup>2</sup>. Konungsfulltrúi hélt því fastlega fram, að það lægi fyrir utan verkahring dómstólanna, bæði að ákveða, hvort ástæða hefði verið

1) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 834. Við ályktarumræðuna var þó samþykkt, að taka fylgiskjöl nefndarálitsins upp í þingtíðindin, sbr. Tíðindi frá alþingi 1871, II., 492—507. Álitsskjal nefndar þeirrar, sem sett var í fólksþinginu, er á Dönsku, og því ekki tekið með.

2) Þessi fylgiskjöl, sem talin eru upp í álitsskjali alþingis, eru:

1. Skýrsla frá Benidikt Sveinssyni sjálfum, eða svar uppá hin helztu kærú-atrði, sem komið hafa fram gegn honum.

2. Álitsskjal nefndar þeirrar, sem skipuð var í fólksþinginu 10. janúar 1871, til að rannsaka þetta mál, með mörgum prentuðum fylgiskjölum.

3. Vottorð málaflutningsmanns við yfirrættinn, Jóns Guðmunds-sonar.

4. Dómur yfirrættarins 12. septbr. 1870, með hverjum Benidikt Sveinsson er frifundinn fyrir þeirri 50 rd. fæsekt, sem hann hafði verið dæmdur í við undirrætt fyrir það, að hann átti að hafa tekið rétt sinn sjálfur.

til að víkja yfirdómara Benidikt Sveinssyni frá embætti, og að til-  
taka, hve mikil eptirlaun skyldi veita honum. Konungsfulltrúi lagði  
því til, að frumvarpið yrði óbreytt gjört að lögum, án þess að  
uppástungur alþingis yrði teknar til greina.

1872.  
27. janúar.

Þareð dómsmálastjórnin varð að vera konungsfulltrúa sam-  
dóma í þessu, lagði hún til í þegnlegri skýrslu sinni um frum-  
varpið, að það yrði óbreytt gjört að lögum.

7. Auglýsing, er birtir á Íslandi lög, 11. febrúar  
1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að  
konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur  
eða fjærverandi, og konunglega auglýsing, 18.  
nóvbr. 1871, um það, að ríkisstjórn skuli falin á  
hendur ríkisarfanum í fjærvist konungs. (á Íslenzku  
og Dönsku).

27. janúar.

Hans hátign konungurinn hefir 11. dag febrúarmánaðar 1871  
staðfest svolátandi

## L ö g

um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn  
fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi:

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum  
kunnugt: Ríkisþingið hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest  
þau með samþykki Voru:

### 1. grein.

Ef konungur sá, sem að völdum situr, sökum sjúkleika eða  
fjærvistar getur ekki sjálfur haft ríkisstjórn á hendi, felur hann  
hana ríkisarfanum á hendur, ef hann er orðinn fulltíða, og sè  
hann viðstaddur, og sjúkleiki bægi honum ekki; að öðrum kosti  
skipar konungur ríkisstjóra.

Ef konungur er ekki sjálfur fær um, að gjöra ákvarðanir  
þær, sem með þarf, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, sem  
getið er að framan, eða hann ferðast utan, án þess að hafa skipað  
fyrir um þetta, skal ríkisráðið tafarlaust stefna ríkisþinginu saman.